



Sunnuhlíð

Byggingar

	KÓPAVOGSBÆIR MÓTTAKIÐ
13. OKT. 2021	
Málsnr.:	2110361
Bréfalykill:	304.03

Bæjarráð Kópavogs,
b.t. formanns bæjarráðs,
Birkir Jón Jónsson,
Bæjarskrifstofur Kópavogs, Stjórnsýslusvið
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur

Erindi: Endurkaup á íbúðum Sunnuhlíðar

Bæjarráð Kópavogs,

Eins og bæjarráði er kunnugt keypti Kópavogsbær nokkrar íbúðir af Sunnuhlíðarsamtökunum í fjárhagskreppunni. Stjórn samtakanna verður ævarandi þakklát Kópavogsbær fyrir hinn mikla og góða stuðning sem hann veitt samtökunum á þessum erfiðum tímum með því að kaupa af samtökunum íbúðir þegar fjárhagsstað samtakanna var svo bágborin.

Fjárhagsstað Sunnuhlíðarsamtakanna hefur stöðugt verið að eflast og er nú orðin mjög traust.

Mikill skortur er á íbúðarformi eins og rekið er af Sunnuhlíðarsamtökunum og eru nú yfir 140 á biðlista eftir að komast í íbúðir á vegum samtakanna.

Á stjórnarfundinum 13. september s.l. var rætt um nauðsyn þess að fjárfesta í fleiri íbúðum til að koma til móts við fólk á biðlista. Í framhaldi af þessari umræðu var samþykkt á fundinum að formaður samtakanna, Gunnsteinn Sigurðsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir, ritari, sendu formlegt erindi f.h. stjórnar til bæjarráðs þar sem óskað er eftir því við Kópavogsbæ að bærinn selji samtökunum til baka þær íbúðir sem bærinn keypti af Sunnuhlíðarsamtökunum í hrúninu, þegar íbúar, sem nú búa í þeim á vegum bæjarins, flytja úr þeim.